



## **Greining á beinum skattalegum áhrifum endurgreiðslukerfis vegna kvikmyndagerðar**



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
710812-0120  
Skúlagata 4, 101 Reykjavík  
Bt. Starfshópur um endurgreiðsluferfi vegna kvikmyndagerðar

Kópavogur, 26. maí 2021

### **Greining á beinum skattalegum áhrifum endurgreiðsluferfis vegna kvikmyndagerðar**

Að beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins („verkkaupi“) hefur Deloitte framkvæmt greiningu á beinum skattalegum áhrifum framleiðsluverkefna sem hljóta endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar.

Vinna okkar byggir á ráðningarsamningi sem dagsettur er 22. mars 2021.

Öll ákvörðunartaka í tengslum við niðurstöður greiningarinnar er í höndum verkkaupa og tekur Deloitte ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðunnar.

Virðingarfyllt,  
Deloitte Fjármálaráðgjöf



---

**Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir**

Meðeigandi, Sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar

Farsími: 770 4942

Netfang: [lovisa@deloitte.is](mailto:lovisa@deloitte.is)

---

**Hildur Grétarsdóttir**

Verkefnastjóri

Farsími: 690 3541

Netfang: [hildur@deloitte.is](mailto:hildur@deloitte.is)

# Um verkefnið

Um verkefnið	4
Samantekt	7
Endurgreiðslukerfið	14
Viðauki	21




# Um verkefnið | Umfang verkefnis

Greining Deloitte byggir á fjárhagslegum upplýsingum um átta framleiðsluverkefni sem notið hafa endurgreiðslna

## Verkefni Deloitte

Markmið verkefnisins er að fá skýra mynd af beinum áhrifum endurgreiðslukerfis vegna kvikmyndagerðar á ríkissjóð.

- Verkefni Deloitte fólst í greiningu á átta framleiðsluverkefnum sem skilgreind voru af verkkaupa og endurspegla helstu tegundir verkefna sem njóta endurgreiðslna.
- Deloitte hefur lagt mat á bein skatttekjuáhrif, og fjölda ársverka sem verkefnin sköpuðu á Íslandi. Einnig var lagt mat á það hversu mikið erlent fjármagn kom til Íslands vegna þeirra.
- Niðurstöður um áhrif verkefnanna verða settar í samhengi við hagtölur um atvinnugreinina, heildarendurgreiðslur ríkissjóðs og eldri greiningar á hagrænum áhrifum greinarinnar.
- Deloitte hefur auk þess lagt mat á það við hvaða endurgreiðsluhlutfall verkefnin átta hefðu haft hlutlaus bein skattaleg áhrif á ríkissjóð.





# Um verkefnið | Verkefnisnálgun og gagnaöflun

Gagnaöflun var að stórum hluta í höndum endurgreiðslunefndar Kvikmyndasjóðs

## Stuðningur og samvinna

Verkefnið er unnið í samstarfi við og með stuðningi frá starfshópi um endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndagerðar, skipuðum af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Starfshópurinn er þannig skipaður:

- Ólafur Teitur Guðnason, formaður
- Ásgeir Runólfsson,
- Hilmar Sigurðsson
- Lilja Ósk Snorradóttir
- Þóra Hallgrímsdóttir

Þá var Þórir Hrafnsson, starfsmaður Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Deloitte innan handar við vinnslu verkefnisins.

Meðan á vinnu verkefnis stóð uppfærði Deloitte starfshópin reglulega um gang mála. Starfshópurinn var einnig til taks til samráðs um ákveðna þætti gagnaöflunar og greininga.

## Gagnaöflun

### *Fjárhagsupplýsingar framleiðsluverkefna*

Öflun fjárhagsupplýsinga frá framleiðendum þeirra átta verkefna sem til skoðunar eru fór fram með eftirfarandi hætti:

- Formaður endurgreiðslunefndar aflaði samþykkis viðkomandi aðila og skilaði gögnum úr endurgreiðslubeiðnum frá þeim aðilum til Deloitte. Samþykki fékkst fyrir afhendingu gagna úr endurgreiðslu umsóknar fyrir sex af átta verkefna. Sambærilegar upplýsingar fengust vegna tveggja verkefna, en á öðru formi.
- Formaður endurgreiðslunefndar kom til skila viðbótarfyrirspurnum sem sendar voru til framleiðenda verkefnanna vegna upplýsinga sem ekki eru hluti af gögnum endurgreiðsluumsókna.
- Gagnaskil gengu í sumum tilfellum hægt og var fyrirspurnum fylgt eftir í samvinnu starfshóps og starfsmanna Deloitte.

### *Önnur gagnaöflun*

Önnur gagnaöflun byggði að stórum hluta á opinberum upplýsingum og gögnum sem starfshópur útvegaði Deloitte við vinnu verkefnisins.

### *Umræðufundir*

Við vinnuna áttu ráðgjafar Deloitte umræðufundi með fulltrúum tveggja af stærstu framleiðendum kvikmynda hérlandis; Sagafilm og Truenorth.

Báðir aðilar voru hluti af því mengi framleiðenda sem framleiddu þau átta verkefni sem til skoðunar eru.

# Samantekt

Um verkefnið	4
Samantekt	7
Endurgreiðslukerfið	14
Viðauki	21






## Samantekt | Tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga

Áætlað er að beinar skatttekjur ríkissjóðs af þeim átta verkefnum sem til skoðunar eru hafi numið 629 – 793 m.kr. Erlent fjármagn sem komið hefur til landsins vegna verkefnanna er þrefalt á við endurgreiðslur til þeirra

Beinar skatttekjur ríkissjóðs

629-793 m.kr.



Endurgreiðsla

1.321 m.kr.

Nettó áhrif á ríkissjóð

-52%

Neðri mörk

-40%

Efri mörk

Nettó áhrif á hið opinbera

-41%

Neðri mörk

-19%

Efri mörk

Fjöldi ársverka

Á Íslandi

142

Erlendis

51

Erlent fjármagn til Íslands

4.100 m.kr.




# Samantekt | Verkefni

Yfirlit yfir þau átta verkefni sem voru til skoðunar

Verkefni	Tegund verkefnis	Innlent/erlent	Endurgreiðsla (m.kr.)	Ár endurgreiðslu	Umsækjandi
Thin Ice	Sjónvarpsþáttur	Erlent	392,9	2020	Yellow Bird/Sagafilm
Ófærð 2	Sjónvarpsþáttur	Innlent	334,5	2019	RVK Studios
Venjulegt fólk 3	Sjónvarpsþáttur	Innlent	26,2	2020	Glassriver
Kappsmál	Sjónvarpsþáttur	Innlent	24,9	2020	Skot Productions
Lof mér að falla	Kvikmynd	Innlent	66,9	2019	Kvikmyndafélag Íslands
The last planet	Kvikmynd	Erlent	26,7	2019	Pegasus
Eurovision Song Contest: The Story of Fire Saga	Kvikmynd	Erlent	135,1	2020	Truenorth
Aether	Kvikmynd	Erlent	313,4	2020	Truenorth

Heimild: Kvikmyndamiðstöð



## Mengi verkefna


Greining Deloitte byggir á átta verkefnum sem skilgreind voru af starfshópi um endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndagerðar. Verkefni endurspeglu helstu tegundir verkefna sem njóta endurgreiðslna.

Samanlögð endurgreiðsla til þessara átta verkefna var þeirra um 38% af heildarendurgreiðslum árunna 2019 og 2020.

# Samantekt | Verkefni

Hlutfall verktaka- og launagreiðslna af heildar framleiðslukostnaði er á bilinu 38-66%

Samanlagður framleiðslukostnaður 8 verkefna mengis (m.kr.)



## Hlutdeild launa- og verktakagreiðslna í framleiðslukostnaði

- Verktakagreiðslur eru um 45% af heildarframleiðslukostnaði fyrir verkefnamengið í heild og launagreiðslur aðeins um 2%.
- Sé hlutfall verktaka- og launagreiðslna af framleiðslukostnaði reiknað niður á sérhvert verkefni vigtar sá kostnaður minnst 38% og mest 66% og er að stærstum hluta tilkomið vegna verktakagreiðslna.
- Annar framleiðslukostnaður er að stórum hluta vegna ferðabjónustutengdra liða s.s. gistibjónustu, farþegaflutningar og veitingabjónusta. Einnig er leiga á tækjum og búnaði á meðal stærstu kostnaðarliða.


Verktaka- og launagreiðslur sem hlutfall af framleiðslukostnaði



Lægsta gildi



Hæsta gildi



Í heild

# Samantekt | Helstu forsendur

## Forsendur útreikninga

### Skattar og opinber gjöld einstaklinga

#### Innlendir verktakar

- Beinar skatttekjur og gjöld vegna verktaka eru metin á bili þar sem ekki liggja fyrir forsendur um það hversu stórum hluta af þeim greiðslum eru skattlagðar sem launatekjur.
- Neðri mörk miða við þá forsendu að verktakar greiði sér lágmarksendurgjald og 22% fjármagnstekjuskattur er reiknaður á verktakagreiðslur umfram það, að undanskildu mótframlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um frádráttarbæran rekstrarkostnað verktaka.
- Efri mörk matsins miðast við að um sé að ræða launþegasamband og verktakagreiðslur séu alfarið skattlagðar sem launatekjur.

#### Erlendir verktakar

- Vegna þeirra verkefna þar sem kostnaður vegna erlendra verktaka var hluti af kostnaðaruppgjöri var óskað eftir upplýsingum um skil framleiðanda á staðgreiðslu, þ.e. tekjuskatti og útsvarsgreiðslum, vegna viðkomandi aðila.
- Erlendir verktakar greiða reglum samkvæmt 20% tekjuskatt af verktakagreiðslum en aðeins í undantekningartilfellum voru greiddar útsvarsgreiðslur þ.e. þegar viðkomandi verktakar fengu greitt sem einstaklingar en ekki lögaðilar.

#### Launamenn

- Miðgildi launa á Íslandi árið 2019, 665 þús.kr. á mánuði er notað sem forsenda fyrir umbreytingu launagreiðslna í ársverk og útreikninga á staðgreiðslu og opinberum gjöldum vegna launamanna.
- Þar sem um 95% af kostnaði við laun og verktakagreiðslur eru vegna verktaka hefur forsenda um mánaðarlaun lítil áhrif á niðurstöðu áætlaðra skatttekna ríkissjóðs vegna verkefnanna. Sem dæmi ef forsenda er hækkuð um 25% nema áhrif á staðgreiðslu til ríkissjóðs um 2,4 m.kr.

---

## Ársverk, verktakar

- Umreikningur verktakagreiðslna yfir í ársverk byggir á upplýsingum frá framleiðendum um fjölda tökudaga og vinnutíma að baki verktakagreiðslum.

---

## Áhrif virðisaukaskatts

- Almennt hefur ekki verið tekið tillit til áhrifa af uppgjöri virðisaukaskatts við mat á nettó beinum áhrifum á ríkissjóð eða mat á hlutlausri endurgreiðslu.
- Uppgjör virðisaukaskatts vegna átta verkefna í skilgreindu mengi nam 711 m.kr. í innskatt og 97 m.kr. í útskatt eða sem nemur nettó -614 m.kr. endurgreiðslu virðisaukaskatts.
- Við bendum á að innskattur framleiðenda vegna aðfanga sem greidd voru við framleiðslu verkefnanna er útskattur fyrirtækja frammar í virðiskeðjunni og þar með hluti af óbeinum áhrifum af verkefnum.
- Í áætluðum áhrifum virðisaukaskatts á skatttekjur ríkissjóðs hefur aðeins verið tekið tillit til innskatts af aðfangakaupum framleiðenda og samkvæmt reglum fæst ekki endurgreiddur, s.s. vegna kostnaðar við bílaleigubíla, eldsneyti, veitingar og gistingu.

---

## Erlent fjármagn


- Áætlað er að erlent fjármagn sem kom til Íslands vegna verkefnanna átta hafi numið um 4.100 m.kr.
- Hér hefur bæði verið tekið tillit til fjármögnunar frá ótengdum aðilum, s.s. í formi forsölu á sýningarréttum, og framlögum erlendra meðframleiðenda.



# Samantekt | Hlutlaus endurgreiðsla

Hlutlaust endurgreiðsluhlutfall verkefna mengis metið á bilinu 12-15%

## Hlutlaust endurgreiðsluhlutfall átta verkefna mengis



## Hlutlaus endurgreiðsla

- Í dag eru 25% af framleiðslukostnaði sem fellur til á Evrópska efnahagssvæðinu endurgreiddur ef meira en 80% af framleiðslukostnaðinum fellur til á Íslandi.
- Endurgreiðsluhlutfall þyrfti að vera 13 prósentustigum lægra þ.e. 12%, til að skattspor þeirra átta verkefna sem til skoðunar eru væri hlutlaust sé litið til neðri marka skattspors. Sé endurgreiðsluhlutfallið reiknað niður á sérhvert verkefni þyrfti endurgreiðsluhlutfallið að vera á bilinu 10-18% til að vera hlutlaust við neðri mörk.
- Endurgreiðsluhlutfall þyrfti að vera 10 prósentustigum lægra þ.e. 15%, til að skattspor þeirra átta verkefna sem til skoðunar eru væri hlutlaust sé litið til efri marka skattspors. Sé endurgreiðsluhlutfallið reiknað niður á sérhvert verkefni þyrfti endurgreiðsluhlutfallið að vera á bilinu 12-22% til að vera hlutlaust við efri mörk.
- Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort endurgreiðsluumsóknir hefðu í raun borist vegna verkefnanna hefði slíkt hlutleysi verið forsenda endurgreiðslunnar.





# Samantekt | Önnur áhrif

Óbein og afleidd hagræn áhrif af kvikmyndaframleiðslu hafa ekki verið metin en geta verið veruleg

## Önnur hagræn áhrif

- Framleiðsla kvikmynda og sjónvarpsþátta hefur víðtækari áhrif á hagkerfið en greind hafa verið í þessari skýrslu. Skilgreint umfang verkefnis nær einungis yfir bein hagræn áhrif framleiðsluverkefna á tekjur ríkis og sveitarfélaga.
- Ekki hefur því verið lagt mat önnur hagræn áhrif sem gjarnan er lýst sem **óbeinum** og **afleiddum** áhrifum.
- Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2006 voru óbein og afleidd áhrif kvikmyndagerðar áætluð með margföldurum, og var framleiðslumargfaldari metinn 2,4 og starfamargfaldari 2,9.
- Margfaldarana má túlka þannig að fyrir hverja krónu sem myndast í kvikmyndagerð myndast 1,4 krónur annarstaðar í hagkerfinu vegna tengsla við kvikmyndagerð. Á sambærilegan hátt myndast 1,9 störf annars staðar í hagkerfinu fyrir hvert starf sem myndast í kvikmyndagerð.
- Þetta getur þó verið varhugaverð túlkun þar sem útreikningar með slíkum margföldunum eiga betur við um svokallaða grunnatvinnuvegi, sem kvikmyndagerð flokkast vart sem. Ef reiknað væri með að allir atvinnuvegir hefðu svo víðtæk áhrif fæst margföld landsframleiðsla og margfaldur heildarfjöldi starfa í samanburði við það sem raun ber vitni í hagkerfinu.

## Óbein áhrif

Óbeinum áhrifum má lýsa sem hagrænum áhrifum kvikmyndaframleiðslu á næsta stig virðiskeðjunnar, þ.e. fyrirtæki sem þjónusta þau fyrirtæki sem starfa beint við kvikmyndaframleiðslu. Dæmi um slík fyrirtæki eru hótél og gistiheimili, bílaleigur, veitingahús og önnur veitingaþjónusta ásamt ýmsum þjónustuaðilum.

Innskattur fyrirtækja í kvikmyndaframleiðslu er einnig dæmi um óbein áhrif.

## Afleidd áhrif

Afleidd áhrif eru hagræn áhrif þeirrar atvinnu sem kvikmyndaframleiðsla skapar í landinu. Störf í kvikmyndaframleiðslu skapa aukinn kaupmátt starfsmanna sem veldur aukinni neyslu og eykur þar með skattaletgan hagnað og launatekjur þeirra fyrirtækja sem taka á móti neyslunni. Afleidd áhrif hafa margföldunaráhrif, þ.e. aukinn neysla kallar á aukin störf hjá þeim fyrirtækjum sem taka á móti neyslunni sem veldur aukinni neyslu þeirra sem fara í þau störf o.s.frv.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að óbein og afleidd áhrif geti verið veruleg.

## Áhrif landkynningar

Val ferðamanna um áfangastað getur verið undir áhrifum af kvikmyndum, sem dæmi kvikmyndum þar sem íslenskt landslag er sýnt. Koma ferðamanna hingað til lands hefur þannig áhrif á rekstur og opinberar tekjur vegna þeirra fyrirtækja sem þeir eiga viðskipti við og afleidd áhrif í gegnum aukinn kaupmátt starfsmanna þeirra fyrirtækja.

Niðurstöður úr könnun Ferðamálastofu sem birtar voru í september 2020 sýndu að 39% þeirra sem svöruðu sögðu íslenskt landslag í hreyfimyndaefni, þ.e. kvikmyndir, sjónvarpsþættir og tónlistarmyndbönd, hefði meðal annars haft áhrif á val um áfangastað.



# Endurgreiðslukerfið

Um verkefnið	4
Samantekt	7
Endurgreiðslukerfið	14
Viðauki	21






## Endurgreiðslukerfið | Hagtölur


Velta átta endurgreiðsluverkefna sem til skoðunar eru nemur um 20,5% af heildarveltu atvinnugreinaflokks 59.11 á árunum 2019-2020

Velta atvinnugreinaflokks ÍSAT 59.11 á árunum 2010 – 2020 á verðlagi hvers árs (ma.kr.)



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga í framleiðslu kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis (ÍSAT 59.11)



Heimild: Hagstofa Íslands

### Samanburður við opinberar hagtölur atvinnugreinarinnar

- Endurgreiðsluverkefni falla mestmegnis undir atvinnugreinaflokk 59.11\*. Heildarvelta á framleiðslu kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis nam 15,2 ma.kr. árið 2020 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Heildarveltan jókst um 18% frá árinu áður.
- Umsvif kvikmyndaiðnaðarins hafa aukist töluvert á síðastliðnum árum. Að meðaltali hefur árleg velta numið um 13,7 mö.kr. á tímabilinu 2011-2020.
- Velta atvinnugreinaflokks 59.11 á tímabilinu 2019-2020 nam samtals 28,1 ma.kr. Heildarvelta átta endurgreiðsluverkefna sem til skoðunar eru nemur um 5,7 ma.kr eða því sem nemur um 20,5% af heildarveltu tímabilsins.
- Fjöldi fyrirtækja sem skráð eru í atvinnugreinaflokk 59.11 jókst nokkuð hratt á tímabilinu 2010-2017 eða um 254 fyrirtæki sem nemur um 63% aukningu. Frá 2017 hefur fjöldi fyrirtækja verið nokkuð stöðugur. Fram til 1. janúar 2017 þurfti að stofna sér fyrirtæki um hverja endurgreiðslu en því var breytt við endurskoðun laga 2016.


\*ÍSAT2008 flokkur 59.11 inniheldur fyrirtæki í framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni þ.e. hér telst ekki með dreifing og eftirvinnslu kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis, kvikmyndasýningar og hljóðupptökur. Í viðauka má sjá nánari upplýsingar um atvinnugreinaflokk númer 59 og 60.



# Endurgreiðslukerfið | Hagtölur


Þau átta verkefni sem til skoðunar eru endurspegla um 38% af endurgreiðslukerfinu 2019-2020

## Endurgreiðslur kvikmyndaverkefna 2010-2020 (m.kr.)



Heimild: Kvikmyndamiðstöð

## Endurgreiðslur kvikmyndaverkefna 2019-2020 (m.kr.)



## Endurgreiðsluverkefni

- Fjárhæðir endurgreiðslu og fjöldi verkefna sem hljóta endurgreiðslu hafa verið misjöfn milli ára og virðist lítil fylgni þar á milli. Til dæmis lækkar endurgreiðsla milli 2016 og 2017 þrátt fyrir hækkun í endurgreiðsluhlutfalli á framleiðslukostnaði í ársbyrjun 2017 úr 20% í 25% og aukinn fjölda endurgreiðsluverkefna sem hljóta endurgreiðslu. Samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar á endurgreiðslukerfi kvikmynda, sem birt var í skýrslu til Alþingis í október 2019, hafa þar ýmsir þættir áhrif, til að mynda ytri markaðsaðstæður eins og gengisþróun og almennar verðhækkanir á þjónustu innanlands sem dregur úr aðsókn erlendra aðila.
- Fjárhæð endurgreiðslu árið 2020 er hæsta endurgreiðsla frá því endurgreiðslukerfi kvikmynda var sett á lagginn árið 2001. Heildar endurgreiðslukostnaður frá upphafi nemur um 11,4 ma.kr. á verðlagi hvers árs.
- Ef horft er á tímabilið 2019-2020 hafa samtals 3.494 m.kr. verið endurgreiddar. Heildarfjárhæð endurgreiðslu til þeirra átta verkefna sem til skoðunar eru námu þar af 1.321 eða um 38% af heildarendurgreiðslu 2019-2020.




# Endurgreiðslukerfið | Hagtölur

Hlutföll verkefnamengis af heildarendurgreiðslum 2019 og 2020 eftir tegund verkefna og upprunalandi framleiðanda




## Endurgreiðslur Erlend og samframleiðsla

Sjónvarps-  
þáttur



Kvikmynd /  
heimildarmynd





Beinar tekjur  
ríkissjóðs  
% af endurgreiðslum

49%



## Endurgreiðslur Innlend framleiðsla



Heimild: Kvikmyndamiðstöð

Beinar tekjur  
ríkissjóðs  
% af endurgreiðslum

45%

## Endurgreiðsluverkefni


- Fjögur verkefni í skilgreindu mengi verkefna eru innlend og fjögur eru erlend. Þar að auki eru fjögur verkefni sjónvarpsþættir og fjögur kvikmyndaverkefni. Hér til hliðar má sjá hlutfall verkefnamengis af samanlögðum heildarendurgreiðslum á árunum 2019 og 2020 eftir tegund verkefna og upprunalandi framleiðanda.
- Til að mynda endurspeglar verkefnamengið um 49% af heildarendurgreiðslu sjónvarpsþátta sem framleiddir eru í erlendri eða samframleiðslu og um 27% sjónvarpsþátta sem framleiddir eru af innlendum framleiðendum.
- Um 45% af endurgreiðslum til verkefna í úrtaksmengi sem framleidd eru í erlendri eða samframleiðslu skiluðu sér í beinum skatttekjum til ríkissjóðs. Um 41% skiluðu sér vegna verkefna sem framleidd voru af innlendum framleiðendum.




# Endurgreiðslukerfið | Áætluð heildaráhrif

Ætla má að heildarfjöldi ársverka sem verða til vegna endurgreiðsluverkefna séu 373 talsins á Íslandi

## Fjöldi ársverka sem verða til á Íslandi



## Áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs – efri mörk (m.kr.)



## Áætluð heildaráhrif

### Fjöldi ársverka á Íslandi

- Áætlað er að þau átta verkefni sem til skoðunar eru skapi 142 ársverk að meðaltali. Sé reiknað með að þessi átta verkefni standi fyrir 38% af heildarstarfsemi endurgreiðslukerfisins má áætla að heildarfjöldi ársverka í endurgreiðsluverkefnum séu um 373 ársverk að meðaltali.

### Skatttekjur ríkisins

- Áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs af 8 verkefnum í skilgreindu mengi nema samtals 629-793 m.kr. Líkt og áður, sé reiknað með að þessi átta verkefni standi fyrir 38% af heildarstarfsemi endurgreiðslukerfisins má áætla að heildaráhrif endurgreiðsluverkefna á beinar skatttekjur ríkissjóðs séu um 1,7 – 2,1 ma.kr.
- Einnig má hér nefna að í skýrslu Olsberg-SPI *Impact of the Norwegian Film Incentive – A Report to the Norwegian Film Institute from Olsberg SPI* hefur verið miðað við x1,8 margfaldara á skatttekjur við mat á óbeinum áhrifum á skatttekjur ríkisins.



# Endurgreiðslukerfið | Eldri greiningar

Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá árinu 2015 metur jákvæð hagræn áhrif umfram endurgreiðslur byggt á framlagi greinarinnar til vergrar landsframleiðslu

## Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Tímabil til skoðunar	2011-2013
Virðisauki umfram endurgreiðslur*	730 m.kr.
Óbein og afleidd hagræn áhrif*	1.022 m.kr.
Heildaráhrif*	1.752 m.kr.
Fjöldi ársverka	360
Fjöldi ársverka og afleidd störf	1.044

\*Að meðaltali á ári. Virðisauki er skilgreindur sem framlag til vergrar landsframleiðslu (EBITDA, auk launa og tengdra gjalda)

Heimild: Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagræn áhrif kvikmyndagerðar á Íslandi

Margar skýrslur hafa verið gerðar um hagræn áhrif kvikmyndagerðar, bæði á Íslandi og erlendis. Nokkur samhjómur er meðal rannsókna að fylgni sé á milli styrkja til kvikmyndagerðar og aukins umfangs og er Ísland gott dæmi um það.

Niðurstöður rannsókna eru ólíkar eftir þeirri nálgun sem er beitt, þ.e. hvernig hagræn áhrif eru skilgreind, hvort einungis sé litið til beinna hagræna áhrifa eða einnig óbeinna og afleiddra áhrifa og einnig skipta markaðsaðstæður máli, t.a.m. atvinnuleysi og hagröxtur.

## Eldri greiningar: Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagræn áhrif kvikmyndagerðar á Íslandi

### Hagræn áhrif

- Niðurstöður skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 2015 um hagræn áhrif kvikmyndagerðar á Íslandi staðfestu jákvæð hagræn áhrif kvikmyndagerðar umfram endurgreiðslur.
- Sú nálgun sem sett er fram í skýrslunni er talsvert ólík þeirri greiningu sem hér hefur verið sett fram en þar eru hagræn áhrif metin í formi virðisauka, þ.e. heildar framlags til vergrar landsframleiðslu, sem samtölu EBITDA framlegðar, launa og launatengdra gjalda.
- Virðisauki var metinn að meðaltali um 730 m.kr. umfram endurgreiðslur á tímabilinu 2011-2013 í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
- Í ljósi ólíkra skilgreininga á hagrænum áhrifum teljum við að sú greining sem sett er fram í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra ekki vel fallin til samanburðar á fjárhæðum í skýrslu þessari þar sem hagræn áhrif eru mæld í formi beinna skatttekna og stöðugilda.

### Fjöldi ársverka


- Fjöldi ársverka er metinn um 28% hærra í skýrslu okkar í samanburði við skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Skýrist það að hluta til af auknu umfang kvikmyndagerðar héraðs en greining iðnaðar- og viðskiptaráðherra byggir á gögnum frá 2011-2013.
- Notast var við sömu margfaldara í báðum greiningum til að meta óbein og afleidd áhrif, þ.e. margfaldara úr skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2006 og fjallað er um á bls. 10.





# Endurgreiðslukerfið | Eldri greiningar

Greining Capacent á umsvifum sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðar gerir ráð fyrir umtalsverðum jákvæðum áhrifum umfram framlög til greinarinnar. Greiningin tekur tillit til stærra mengis atvinnugreinar og óbeinna áhrifa



Heimild: Skýrsla Capacent um umsvif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðar á Íslandi (fyrir FRÍSK)

## Eldri greiningar: Skýrsla Capacent um umsvif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðar á Íslandi (fyrir FRÍSK)

### Hagræn áhrif

- Capacent birti (ódagsetta) skýrslu sem byggir að mestu á gögnum Hagstofu Íslands sem ná fram til ársins 2014. Skýrslan byggir á umtalsvert víðara atvinnugreina mengi en greiningar þessarar skýrslu byggja á, þ.e. bæði framleiðslu kvikmynda, sjónvarpsefnis, auglýsinga og dreifingu sýningaraðila ásamt stoðstarfsemi og kvikmyndasýningar (ÍSAT 59, allir undirflokkar) og dagskrárgerð og útsendingum vegna útvarps og sjónvarps, þar með talið VOD þjónustu (ÍSAT 60, allir undirflokkar).
- Greining Capacent gerir enn fremur ráð fyrir að mat á skatttekjum innifeli óbein áhrif s.s. af tekjum vegna ferðamanna sem koma til landsins vegna áhrifa kvikmynda og sjónvarpsþátta og virðisaukaskattsgreiðslum og öðrum gjöldum af þjónustu og vörum sem keyptar eru af einstaklingum sem fá laun í atvinnugreininni eða fyrirtækjum sem tengjast greininni óbeint.
- Í ljósi ólíkra skilgreininga á skatttekjum greinarinnar teljum við að sú greining sem sett er fram af Capacent sé ekki vel fallin til samanburðar á þeim beinu hagrænu áhrifum sem metin eru af Deloitte og sett eru fram í skýrslu þessari.

### Fjöldi ársverka

- Í skýrslu Capacent er vísað til mats Samtaka iðnaðarins á áætluðum fjölda ársverka í kvikmynda- og sjónvarpsgerð (ÍSAT 59 og 60). Samkvæmt umfjöllun Capacent hafa Samtök iðnaðarins undanskilið verktakagreiðslur við áætlun sína.
- Samtök iðnaðarins mátu fjölda ársverka 1.289 árið 2014.



# Viðauki

Um verkefnið	4
Samantekt	7
Endurgreiðslukerfið	14
Viðauki	21



# Viðauki | Atvinnugreinaflokkun

Endurgreiðsluverkefni falla að mestu leyti undir ÍSAT2008 flokk 59.11

## Skilgreining á flokk 59 og 60 (ÍSAT2008)

<b>59</b>		<b>Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútgáfa</b>
59.1		Starfsemi á sviði kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis
	59.11	Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni
	59.12	Eftirvinnsla kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis
	59.13	Dreifing á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni
	59.14	Kvikmyndasýningar
59.2	59.2	Hljóðupptaka og tónlistarútgáfa
<b>60</b>		<b>Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrágerð</b>
60.1	60.1	Útvarpsútsending og dagskrágerð
60.2	60.2	Sjónvarpsútsendingar og dagskrágerð

Heimild: Hagstofa Íslands. ÍSAT2008 Íslensk atvinnugreinaflokkun. Handbók.

## Atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008

- Hinn 1. janúar 2008 tók gildi ný atvinnugreinaflokkun á Íslandi, ÍSAT2008. Flokkunin er byggð á nýrri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 2, sem gildir í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Atvinnugreinaflokkun er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð, en samræmt flokkunarkerfi tryggir samanburðarhæfni á hagstærðum atvinnulífsins milli þjóða. ÍSAT2008 er nú beitt í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og í opinberri hagskýrslugerð af Hagstofu Íslands. Öllum lögskráðum félögum og einstaklingum í atvinnurekstri ber að hafa skráða starfsemi samkvæmt ÍSAT2008 í fyrirtækjaskrá..

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þetta skjal var unnið af Fjármálaráðgjöf Deloitte ehf. Eftirfarandi skal gilda um allar upplýsingar í þessu skjali nema annað sé tekið fram. Upplýsingarnar, einkum tölur, gögn og áætlanir, eru til bráðabirgða og er tilgangur þeirra eingöngu að mynda umræðugrunn meðal stjórnenda. Við staðfestum hvorki að upplýsingarnar séu réttar né tæmandi og ætti því ekki að treysta á gögnin sem slík. Staðfestingarvinna á umræddum upplýsingum hefur ekki verið unnin af hálfu Deloitte. Allar ályktanir og niðurstöður sem dregnar eru fram í þessu skjali endurspeglar álit Deloitte, byggt á þeim gögnum sem aðgengileg voru fram að dagsetningu þessa skjals, og geta breyst án fyrirvara. Þó að upplýsingar í þessu skjali hafi verið unnar í góðri trú tekur Deloitte enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra. Skjal þetta er afhent á þeim forsendum að hvorki Fjármálaráðgjöf Deloitte, eigendur né starfsmenn sviðsins séu dregnir til ábyrgðar fyrir rangar eða ónákvæmar upplýsingar, hvort sem þær megi rekja til gáleysis eða annarra ástæðna, né fyrir tjón sem rekja má til mistaka, vanrækslu eða ónákvæmni við gerð þessa skjals. Þetta skjal er eingöngu unnið fyrir verkkaupa og er öðrum aðilum óheimilt að nýta sér efni þess eða byggja ákvarðanir á grundvelli þess nema að fengnu samþykki Fjármálaráðgjafar Deloitte.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarféлага innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited sem er breskt félag. Hvert aðildarfélag er aðskilinn lögaðili og óháð eining.

Vinsamlega skoðið [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) varðandi nákvæma lýsingu á lagalegri uppbyggingu Deloitte Touche Tohmatsu og aðildarfyrirtækjum þess.